

25. Fulltrúaping

Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn 10. maí 2016

Kl. 10:00, að Grensásvegi 16

Dagskrá:

1. **Þingsetning:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, bauð gesti velkomna og setti 25. fulltrúaping SLFÍ

2. **Nafnakall þingfulltrúa:**

Ólöf Jóna Guðmundsdóttir, formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall.

3. **Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara:**

Kristín Á Guðmundsdóttir leggur til að forsetar þingsins verði þær Margrét Auður Óskarsdóttir (SLD) og Marín Jónsdóttir (DSNE). Einnig að ritara þingsins verði þær Jóhanna Pálsdóttir (ALD) og Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD). Þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

4. **Lýst formannskjöri:**

Ólöf Jóna Guðmundsdóttir, formaður kjörstjórnar fór yfir það að kjörtímabil formanns væri að renna út og að sitjandi formaður, Kristín Á Guðmundsdóttir hefði gefið kost á sér áfram. Auglýst hefði verið eftir mótframboðum en engin borist. Því væri Kristín sjálfkjörin til næstu þriggja ára. Færði Ólöf, Kristínu blóm og hamingjuóskir. Kristín tók til máls, þakkaði traustið, og gerði grein fyrir því að þetta yrðu að líkindum síðustu ár sín í embætti.

5. **Kosið í starfsnefndir þingsins:**

Á ekki við í ár.

6. **Skýrsla formanns:**

Kristín Á Guðmundsdóttir flutti skýrslu formanns. Prentuð skýrsla liggur frammi. Kristín ræðir um grafalvarlega stöðu innan heilbrigðiskerfisins. Ræðir um Virk, starfsendurhæfingarsjóð, og mikilvægi þess að sjúkraliðar leiti þangað meðan þeir eru enn á launum. Engar umræður og skýrslan samþykkt.

7. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar, til samþykktar, með skýringum gjaldkera og lagðir fram endurskoðaðir reikningar orlofssjóðs, með skýringum framkvæmdastjóra SLFÍ:**

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri, leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins. Gunnar Örn Gunnarsson leggur fram reikninga orlofssjóðs. Engar umræður um reikningana. Ársreikningar félagsins, vinnudeilu- og verkfallssjóðs, minningarsjóðs, starfsþróunarsjóðs og orlofssjóðs, samþykktir.

8. Lagabreytingar:

Formaður laganefndar ekki viðstaddur. Kristín formaður kynnir tillögur laganefndar.

7. grein í lögum félagsins verði að tveimur greinum: 7. gr. um merki félagsins og 8. gr. um félagsnæluna. Breyting á númerum greina eftir það.

Tillaga um að Höfn í Hornafirði muni tilheyra Suðurlandsdeild í stað Austurlandsdeild.

Tillaga um að Starfsþróunarsjóður færist yfir til SLFÍ og fái sérstaka kennitölu og skipulagsskrá sem ráðuneytið samþykki. Einnig tillaga um að Starfsmenntasjóður verði eins, það er með sérstaka kennitölu og skipulagsskrá.

Borið undir atkvæði. Allar lagabreytingar samþykktar einróma.

9. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara:

Jakobína Rut Daniélsdóttir, nefndarmaður í uppstillinganefnd fer yfir tillögur í forföllum formanns nefndarinnar, Jóhönnu Traustadóttur.

Varaformaður, og varagjaldkeri gefa kost á sér til endurkjörs, aðrar tillögur koma ekki fram.

Tillaga nefndarinnar samþykkt og framkvæmdastjórn og varamenn því óbreytt næsta árið.

10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara:

Jakobína kynnir tillögur uppstillinganefndar. Engar aðrar tillögur komu fram og tillaga nefndarinnar samþykkt.

11. Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga, Afgreiðsla fjárhagsáætlunar SLFÍ fyrir næsta starfsár, og fjárhagsáætlun orlofssjóðs:

Jóna Jóhanna gjaldkeri leggur fram tillögur um félagsgjöld fyrir næsta starfsár og kynnir fjárhagsáætlun SLFÍ fyrir næsta starfsár.

Gunnar Örn Gunnarsson leggur fram fjárhagsáætlun orlofssjóðs.

Allt samþykkt án athugasemda.

12. Tillögur, ályktanir, mál og nefndaálit tekin til umræðu og afgreiðslu. Ályktanir sem samdar voru á félagsstjórnarfundi 09.05, bornar upp og ræddar. Samþykktar að loknum umræðum og lagfæringum, svo hljóðandi:

Aukinn kostnaður

25. Fulltrúaþing SLFÍ mótmælir harðlega auknum kostnaði og hækkaðri greiðsluþátttöku notenda í heilbrigðiskerfinu. Slíkt hefur leitt í ljós að fólk leitar síður og/eða seinna læknishjálpar sem aftur hefur aukinn kostnað í för með sér.

SLFÍ krefst aukins opinbers fjármagns til að greiða niður læknis-, lyfja-, og endurhæfingarkostnað.

Einkavæðingaráform

25. Fulltrúaþing SLFÍ mótmælir harðlega einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.

Ljóst er að ríkisstjórnin hefur markvisst fjársvelt heilbrigðiskerfið og brotið það niður til þess að koma einkavæðingaráformum sínum til leiðar. SLFÍ gerir kröfu um jafnan og góðan aðgang allra landsmanna að öflugu heilbrigðiskerfi, óháð efnahag og búsetu.

Félagið hafnar algjörlega einkavæddu heilbrigðiskerfi byggðu á hagnaðarsjónarmiðum og forgangi hinna efnameiri.

Starfsumhverfi og niðurskurður

25. Fulltrúaðing SLFÍ fordæmir áframhaldandi niðurskurði stjórnvalda á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar, sem fyrir löngu er komið að fótum fram. Niðurskurðurinn hefur m.a. skaðað starfsumhverfi sjúkraliðastéttarinnar. Í vaxandi mæli er því þannig fyrir komið að sjúkraliðar fá ekki fulla vinnu og er stýrt inn á „akkorðsvaktir“ þar sem álagið er mjög mikið, en álagsgreiðslur lágar eða engar. Álagið á stéttina verður enn meira, ársláunin skerðast og flótti úr stéttinni eykst til muna.

Grein í kjarasamningi um mismunandi lengd vakta hefur verið misbeitt og við það hafa lífsgæði vaktavinnufólks skerst verulega, auk þess sem fagleg gæði hjúkrunar skerðast. Þess er krafist að vinnuveitendur virði starfsfólk í vaktavinnu til jafns við aðra, viðmiðunarlengd vakta verði átta tímar og vinnuvikan stytt.

SLFÍ bindur miklar vonir við það starf sem farið er af stað með vinnuveitendum, til þess að koma í veg fyrir þvingaðar styttri vaktir, fjölga eigi sjúkraliðum og skapa vaktavinnufólki fjölskylduvænna starfsumhverfi.

Skortur á sjúkraliðum

25. Fulltrúaðing SLFÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af vaxandi skorti á sjúkraliðum.

Hár lífaldur og stutt viðvera nýútskrifaðra í starfi eykur á vandann.

Auka þarf framboð framhaldsnáms sjúkraliða á landsvísu og að störf við hæfi verði í boði að námi loknu. Stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar verða að leita allra leiða til að fjölga í sjúkraliðastéttinni með því m.a. að hvetja og stuðla að því að ófaglærðir nýti sér þær námsleiðir sem í boði eru.

Nýr spítali

25. fulltrúaðing lýsir yfir mikilli ánægju með að loksins hafi verið lagðir fjármunir í að hefja uppbyggingu nýs Landspítala. Uppbyggingu sem lengi hefur verið beðið eftir.

Guðbjörg Sigurðardóttir, formaður Vesturlandsdeildar, kom í pontu og lagði til að bætt yrði við ályktun, varðandi aukið álag á heilbrigðiskerfið, vegna mikillar aukningar ferðamanna. Samþykkt svohljóðandi :

25. fulltrúaðing SLFÍ krefst þess að aukið fé verði strax sett í heilbrigðiskerfið vegna aukins ferðamannastraums um landið. Mikil fjölgun erlendra ferðamanna til landsins, sem skapar gríðarlegar tekjur í þjóðarbúið, valda auknu álagi á heilsugæslur, sjúkraflutninga, slyshadeildir og sjúkrahús landsins. Heilbrigðisþjónustu sem þegar er undirmönnuð, ofkeyrð og fjársvelt.

Matarhlé

Erindi: Andri Snær Magnason:

Megir þú lifa áhugaverða tíma (kínversk bölbæn)

13. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ, (þ.m.t. fulltrúa félagsins á bandalagsþing og aðalfund BSRB):

Jakobína Rut kynnir tillögur uppstillinganefndar. Engar aðrar tillögur koma fram og tillögur nefndarinnar samþykktar.

14. Kjaramál:

Kristín formaður fer yfir að búið sé að gera samninga við alla samningsaðila. Nokkrar stofnanir hafa orðið útundan, t.d. ein þar sem nokkrir sjúkraliðar vinna sem hefur verið neitað um að vera í Sjúkraliðafélaginu. Á annari stofnun er einnig vafi á hver fari með samningsumboðið og hafa stjórnendur þeirrar stofnunar reynt að fara af samningum sveitarfélaga yfir til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Þá er eftir að gera sérkjarasamninga og útdeila pottum. Einnig er vinna eftir við að fylgja eftir kjarasamningum og sjá til að þeir séu ekki brotnir. Guðbjörg Sigurðardóttir spyr um stofnanasamninga, hvernig þeir virki og hverjir komi að gerð þeirra. Kristín útskýrir að þessir samningar séu gerðir á friðartímum og snúi að útdeilingu fjármagns sem reynt sé að beina til þeirra sem minnst hafa fengið út úr kjarasamningum. Myndaðar eru samstarfsnefndir, með fulltrúum félagsins, formanna viðkomandi deilda, og fullrúa úr kjaramálanefnd. Þetta árið á að skoða kjarasamninga nýútskrifaðra sjúkraliða og reyna að bæta kjör þeirra með útdeilingunni.

15. Önnur mál:

- Kristín formaður kynnti skipulagsskrá um Starfsmenntunarsjóð/Starfsmenntasjóð SLFÍ. Nokkar fyrirspurnir komu úr sal, samþykkt.
- Kristín formaður ræddi um 50 ára afmæli SLFÍ, búið er að skipa afmælisnefnd, margar hugmyndir eru í gangi.
- EPN ráðstefnan verður haldin á Grand hótél í Reykjavík 31. maí. Allir sjúkraliðar eru velkomnir og þeir sem ætla að sækja ráðstefnuna verða styrktir til þess að einhverju leyti.
- Kristín formaður sleit þingi um kl. 15.00, þakkaði fyrir gott þing og bauð upp á kaffi í lokin.

Ritarar: Jóhanna Pálsdóttir,

Jakobína Rut Daníelsdóttir.